

Sþ.

19. Tillaga til þingsályktunar

um fyrirkomulag benzínskömmtunar og um söluskatt af benzíni til einkabifreiða.

Flm.: Ingólfur Jónsson, Sigurður Bjarnason.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um, að þeim bifreiðaeigendum, sem ekki nota bifreiðar sínar í þágu framleiðslunnar eða í atvinnuskyni, verði gefinn kostur á að kaupa ákveðinn lítrafjölda benzíns við hækkuðu verði. Á það benzín verði lagður sérstakur söluskattur, sem renni í ríkissjóð.

Greinargerð.

Með tillögu þessari er lagt til, að einkabifreiðaeigendum, sem ekki nota bifreiðar sínar í þágu framleiðslunnar eða í atvinnuskyni, verði heimilað að kaupa aukinn skammt af benzíni á hækkuðu verði. Á þessa verzlun verði síðan lagður hár sölu-skattur, sem renni í ríkissjóð.

Útsöluverð á benzíni í Reykjavík er nú 68 aura pr. lítra. Í innkaupi mun lítrinn hins vegar kosta ca. 17 aura. Samkvæmt tölum, sem fyrir liggja um fjölda einkabifreiða, má telja líklegt, að ef hámarkslítrafjöldi til slíkra bifreiða yrði ákveðinn 200 lítrar á mánuði, mundi benzínnotkunin aukast við það frá því, sem nú er ráðgert, um 500—600 þús. lítra á mánuði. Það þýðir aukna gjaldeyriseyðslu um ca. 100 þús. kr. á mánuði hverjum. Ef hið hækkaða verð yrði 2 kr. pr. lítra á 600 þús. lítrum, má gera ráð fyrir auknum tekjum af sölunni, er næmi allt að 900 þús. til einni millj. kr. á mánuði, eða 10—11 millj. kr. á ári. Þá upphæð telja flm. rétt, að ríkissjóður taki í sinn hlut með söluskatti.

Það, sem fyrst og fremst vakir fyrir flutningsmönnum með tillögu þessari, er að afla ríkissjóði, sem nú berst í bökkum, aukinna tekna á hagkvæman og sanngjarnan hátt. Hér er lagt til, að á óþarfa eyðslu sé lagður allþungur skattur. Að sjálfsögðu kemur ekki til greina að selja bifreiðaeigendum, sem vinna í þágu framleiðslunnar eða hafa bifreiðaaakstur að aðalatvinnu, benzín við slíku verði. Hins vegar telja flm., að gera beri það, sem unnt er, til þess að tryggja þeim nægilegt benzín við réttu verði.